



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

25. tölublað, 3. árgangur, september 2014 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

Vissir þú að....

11% allra manneskja er örvent?

Rukkun áskrifta

Gjöld vegna áskrifta í mjólk og ávexti á haustönn á grunnskólastigi verða send út í september. Gjöldin fara í gegnum gjaldkera Dalvíkurbyggðar í netbanka.



Skólasetning

Formleg skólasetning verður föstudaginn 5. september kl. 12:30 á lóð skólans (Kötlukoti). Kaffi og gott spjall er góð uppskrift að slíkri athöfn og því bjóðum við alla velkomna í heimsókn til okkar þennan dag.

Stafainnlögn á

Kötlukoti

Í ágúst unnum við með stafinn Bb. Í september ætlum við að vinna með Dd og Ðð. Endilega vera dugleg að spjalla um þessa skemmtilegu stafi.

Bb-Dd-Ðð

Kæra skólasamfélag

Skólastarfið fer vel af stað hjá okkur og mikil jákvæðni í loftinu og auðvitað fullt af sól og útiveru. Allir nemendur skólans hafa fengið tækifæri til þess að hittast og leika saman sem er alltaf mikilvægt eftir langt frí.

Framundan er spennandi septembermánuður þar sem Árskógar skóli heldur upp á afmælið sitt og við setjum skólann formlega. Allir reima á sig skóna og skella sér í göngu á Degi íslenskrar náttúru 16. september þar sem foreldrar eru að sjálfsgöðu velkomnir með, svo höldum við áfram á fullu við nám og leik og höfum gaman saman.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Kynningarfundur

Fimmtudaginn 4. september kl. 16:15 er kynningarfundur um starf vetrarins. Farið yfir skipulag og ýmislegt sem mikilvægt er að kynna sér. Mikilvægt að einhver frá hverju barni gefi sér tíma til að mæta ef mögulegt er.

Skólaráð

Strax að loknum kynningarfundum um skólastarfið 4. sept. verður kosið/skipað í skólaráð.

Aðalfundur foreldrafélagsins verður einnig haldinn.

Áhugasamir gefi sig fram við skólastjóra sem fyrst um þátttöku í skólaráði og foreldrafélagi en hvort tveggja er mjög mikilvæg stöð í starfi skólans og lögum samkvæmt.

Kaffi og konfekt!

Allir að mæta!!!!



Fatnaður







Mikilvægt er að muna eftir góðum skóm til göngu og þægilegum fatnaði við nám og leik inni sem úti. Einnig er mikilvægt að **muna eftir sundfatnaði á þriðjudögum og föstudögum hjá þeim sem fara í sund.**

Samkennsla skólastiganna

Í vetur læra og leika elsti árgangur leikskólastigs og 1. bekkur mikið saman. Þau eru saman tvisvar í viku í íþróttum og sundi hjá Helenu, 1x í viku hjá Jónu í stærðfræði og leik og 1x í viku hjá Helgu í læsi og leik. Samkennslan fer vel af stað og spennandi að fylgjast með þessum flotta hópi í vetur.

Viðburðadagatal september 2014

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

1	2 Rýmingaræfing	3	4 Kynningarfundur um skólastarfið kl. 16:15 í skólanum. Aðalfundur foreldrafélagsins.	5 Skólasetning sunnan skóla kl. 12:30	6	7 Árskógar skóli 2 ára  Linus
8 Allan Ingi 	9	10	11 Dótadagur á Kötlukoti 	12	13	14
15	16 Dagur íslenskrar náttúru Göngudagur Þórhildur  	17	18	19	20	21
22	23	24	25 Samræmd próf 4. og 7.b ísl. 	26 Samræmd próf 4. og 7.b stæ.	27	28
29	30					